

Samruni Garra ehf. og Mekka Wines & Spirits hf.

28. maí 2026

Kaup Garra ehf. á 80% eignarhlut í Mekka Wines & Spirits hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samrunaaðilar starfa á aðskildum mörkuðum og er um samsteypusamruna að ræða. Samkeppniseftirlitið lauk málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Garra ehf. (hér eftir „Garri“) á 80% eignarhlut í Mekka Wines & Spirits hf. (hér eftir „Mekka“). Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 22. apríl 2026. Byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann því að líða þann 24. apríl 2026 í samræmi við 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 12. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur nr. 1390/2020. Samrunaaðilar töldu skilyrði fyrir því að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu uppfyllt þar sem þeir markaðir sem áhrifa samrunans gætir á eru ekki tengdir, sbr. a. liður 6. mgr. 17. gr. a. laganna og a. liður 1. mgr. 10. gr. reglna nr. 1390/2020.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar, þar með talið þegar fyrirtæki nær yferráðum yfir öðru fyrirtæki, sbr. b. liður 1. mgr. 17. gr. laganna. Með kaupsamningi dags. 10. apríl 2026 öðlast Garri 80% atkvæðisrétt í Mekka og verður eigandi að meirihluta af útgefnu hlutafé félagsins. Ljóst er að í kaupunum felst samruni í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að Garri sé innflutnings- og heildsölufyrirtæki sem stofnað var árið 1973. Félagið sérhæfi sig í innflutningi og sölu á matvörum, matvælaumbúðum og heildstæðum rekstrar- og hreinlætislausnum fyrir stóreldhús, s.s. hótél, bakarí, mótuneyti, skóla og önnur fyrirtæki og stofnanir. Garri reki jafnframt netverslun sem styðji við hefðbundna heildsöludreifingu félagsins. Garri fari hvorki með bein né óbein yferráð í öðrum félögum í skilningi samkeppnislaga.
5. Þá segir í samrunaskrá að Mekka sé innflutnings- og heildsölufyrirtæki sem stofnað var árið 1995. Starfsemi félagsins felist einkum í innflutningi á áfengum drykkjum og sölu slíkra drykkja til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og leyfishafa, þ.m.t. veitingahúsa, hótela og bara, í samræmi við gildandi regluverk um sölu á áfengi. Einnig flytji félagið inn og selji óáfengar útgáfur af áfengum drykkjum. Mekka starfi á grundvelli ótímabundins rekstrarleyfis skv. lögum nr. 85/2007 og ótímabundins leyfis til innflutnings og heildsölu áfengis í atvinnuskyni skv. áfengislögum nr. 75/1998. Mekka fari hvorki með bein né óbein yferráð yfir öðrum félögum í skilningi samkeppnislaga.
6. Í samrunaskrá afmarka samrunaaðilar tvo aðskilda vörumarkaði sem koma til skoðunar í málinu. Annars vegar er um að ræða heildarmarkað fyrir innflutning og/eða heildsölu og dreifingu á dagvörum í víðum skilningi, þ.e. mat- og óáfengum drykkjarvörum og öðrum rekstrarvörum (aðfangamarkaður), þar sem Garri starfi, með vísan til ákvarðana Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2021



og 15/2023. Hins vegar markað fyrir framleiðslu og/eða innflutning, heildsölu og dreifingu áfengra drykkja til leyfishafa, sem og óáfengra útgáfa af slíkum drykkjum (áfengismarkaður), þar sem Mekka starfi. Aðilar telja áfengismarkað aðgreindan frá aðfangamarkaði, m.a. þar sem starfsemi áfengisheildsala sé háð sérstöku leyfis- og regluverki. Samrunaaðilar telja ekki tilefni til frekari undirmarkaðsskilgreininga, hvort sem er eftir vöruflokkum, söluleiðum eða viðskiptamannahópum, þar sem slík sundurliðun hafi ekki þýðingu fyrir mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

7. Varðandi landfræðilegan markað vísa samrunaaðilar til þess að rétt sé að afmarka landfræðilegan markað við Ísland, sem samræmist nálgun Samkeppniseftirlitsins í fyrri ákvörðunum.
8. Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Engin lárétt skörun sé á starfsemi þeirra; Garri flytji hvorki inn né selji áfenga drykki eða óáfengar útgáfur slíkra drykkja, og Mekka stundi hvorki innflutning né sölu á dagvöru, matvælaumbúðum eða hreinlætis- og rekstrarvörum. Um sé því að ræða samsteypusamruna. Áætluð markaðshlutdeild Garra á aðfangamarkaði sé um [10–15]% að mati samrunaaðila og fari ekki yfir 30% jafnvel þó miðað sé við þrengri undirmarkaði, s.s. sölu til stóreldhúsa eingöngu. Hlutdeild Mekka á áfengismarkaði sé áætluð undir 30% viðmiði, hvort sem miðað sé við sölu til ÁTVR (eftir veltu eða magni) eða sölu til veitingastaða, hótela, bara og krár. Samrunaaðilar benda á að bæði félögin keppi við stærra og rótgrónari aðila á sínum mörkuðum, þar á meðal samstæðu Beru hf.(Ölgerðin og Danól), Innnes ehf., Ó. Johnson & Kaaber – ÍSAM ehf., Nathan hf., Coca-Cola Europacific Partners Ísland ehf., Glóbus hf. og Haga hf. (Stórkaup ehf.).
9. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirliggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta og viðskiptaaðila samrunaaðila en viðkomandi gerðu ekki athugasemdir við samrunann.
10. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Garra ehf. á 80% eignarhlut í Mekka Wines & Spirits hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson